

Fundargerð 889. fundar

stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

Árið 2020, föstudaginn 16. október kl. 12:00 kom stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga saman til fundar og fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Aldís Hafsteinsdóttir, Heiða Björg Hilmisdóttir, Þórdís Lóa Þórhallsdóttir, Eyþór Laxdal Arnalds, Guðmundur Ari Sigurjónsson, Bjarni Jónsson, Kristján Þór Magnússon, Jón Björn Hákonarson og Ásgerður Kristín Gylfadóttir.

Rakel Óskarsdóttir boðaði forföll, varamaður hennar Daníel Jakobsson mætti í hennar stað. Gunnar Einarsson boðaði forföll en ekki náðist að boða varamann hans.

Að auki sátu fundinn Karl Björnsson framkvæmdastjóri og sviðsstjórnarnir Anna G. Björnsdóttir, Inga Rún Ólafsdóttir, Sigurður Ármann Snævarr og Guðjón Bragason, sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Petta var tekið fyrir:

1. Landsþing 2020 - 2009390SA

Tekin upp að nýju umræða um landsþing sambands íslenskra sveitarfélaga 2020, sem áður var á dagskrá stjórnar sambandsins 25. september sl. Á þeim fundi samþykkti stjórnin að fella niður landsþing sambandsins árið 2020. Borist hafa athugasemdir við þá ákvörðun frá þremur landshlutasamtökum og tveimur sveitarfélögum og þar sem óskað er eftir að þessi ákvörðun verði endurskoðuð, enda sé vel mögulegt að halda landsþingið rafrænt. Lagt var fram minnisblað sviðsstjóra lögfræði- og velferðarsviðs og rekstrar- og útgáfusviðs um ákvæði samþykta sambandsins um boðun landsþings, dags. 14. október 2020.

Við umræðu um málið var m.a. rætt um reynslu af framkvæmd fundar landshlutasamtaka sveitarfélaga og framkvæmd atkvæðagreiðslna á þeim fundum. Framkvæmd getur reynst nokkuð flókin, sérstaklega þó ef greiða þarf atkvæði um tillögur sem koma fram með skömmum fyrirvara.

Jafnframt var rætt um að stutt er til landsþings 2021, sem að óbreyttu verður haldið í mars. Að halda landsþing síðari hluta desember, á sama tíma og sveitarstjórnir eru að ljúka afgreiðslu fjárhagsáætlana og glíma við áskoranir sem tengjast heimsfaraldri Covid-19, er ákvörðun sem hlýtur að verða umdeild og mikilvægt að fundarefni verði skýrt afmörkuð þannig að þingið taki eins stuttan tíma og frekast er kostur. Að teknu tilliti til framangreindra sjónarmiða samþykkti stjórnin að fela formanni og framkvæmdastjóra að boða til landsþings 2020 18. desember n.k.

2. Kjarasamningur - 2009114SA

Lagður fram til staðfestingar kjarasamningur milli samninganefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga, og Kennarasambands Íslands vegna Félags grunnskólakennara, dags. 7. október 2020, um breytingar og framlengingu á kjarasamningi aðila, ásamt kynningu á samningnum. Inga Rún Ólafsdóttir sviðsstjóri kjarasviðs gerði grein fyrir meginatriðum kjarasamningsins og svaraði spurningum fundarmanna.

Stjórnin samþykkti kjarasamninginn samhljóða.

Fundi var slitið kl. 13:00

Aldís Hafsteinsdóttir

Heiða Björg Hilmisdóttir

Pórdís Lóa Þórhallsdóttir

Eyþór Laxdal Arnalds

Guðmundur Ari Sigurjónsson

Bjarni Jónsson

Kristján Þór Magnússon

Jón Björn Hákonarson

Ásgerður Kristín Gylfadóttir

framkvæmdastjóri

ritari